

Verklagsreglur: Þvottur á mjólkurtönkum eftir losun.

Þvottur á mjólkurtönkum eftir losun er alltaf á ábyrgð framleiðanda. Borið hefur á kvörtunum undan því að mjólkurbílstjórar gleymi að setja tanka á þvott eftir losun en mjólkurbílstjórum ber **ekki** skylda til að setja tanka á þvott eftir losun.

Ef þeir setja tanka á þvott er það gert af hjálpssemi og góðmennsku, en ekki skyldu.

Framleiðendum ber skylda til að sjá til þess að tankur sé hreinn og að fylgjast með að tankurinn sé þveginn eftir losun.

Framleiðendur vita um það bil hvenær von er á mjólkurbílnum og er góð regla að huga að tanknum eftir losun og athuga hvort hann er að þvo eða hvort setja þarf tankinn á þvott.

Tankþvottur er alfarið á ábyrgð framleiðenda.

Þvottur á tönkum er háður mörgum atriðum sem bóndinn einn veit um og þekkir og aðstæður eru hvergi eins. Ef ekki eru þeim mun skýrari leiðbeiningar í mjólkurhúsi má bílstjóri ekki snerta stjórnbúnaðinn fyrir utan það sem þarf til að tæma tankinn.